



Námsáætlun

LEIK3lv05 vorönn 2021

Kennari: Ylfa Ösp Áskelsdóttir
Lokaverkefni

Lýsing

Áhersla áfangans er á að nemendur skipti sér sjálfir upp í hópa út frá áhugasviði og búi til sviðslistaverk í lok annar. Nemendur fara í gegnum verkefnastjórnunarvinnu með hópnum sínum og skipuleggja ferlið frá upphafi til enda, afla sér upplýsinga, finna bjargir við hæfi, virkja tengslanet sitt og skipuleggja æfingafæri og sköpunarvinnu. Aðal áherslan er á að vinna uppbyggilega saman í hóp við að búa til sviðslistaverk frá grunni út frá eigin sannfæringu og listrænum metnaði. Þegar líða tekur á áfangann verður kennari aðallega til ráðgjafar og þá vinna nemendur sjálfstætt að framkvæmd verkefnisins. Forsendur lokaverkefnisins eru:

- Nemendur þurfa sjálfir að vera þátttakendur í sviðslistaverkinu sem skapað er.
- Nemendur velja sig sjálfir í hópa sem hæfa áhugasviði hvers og eins. Gæta þarf sérstaklega að því að verkefnið sé raunhæft miðað við tíma og hæfni nemenda.

Verkefnið gæti t.d. verið:

- Samsköpunarverkefni
- Skrif á leikhandriti (sem endar á leiklestri eða uppsetningu)
- Uppsetning á leikatriði úr handriti sem þegar er til
- Innsetning / gjörningur
- Opnun
- Annað...

Markmið:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim ólíku þáttum sem þarf til að koma sviðslistaverkefni í framkvæmd.
- mikilvægi þess að vera sífellt að þróa og endurnýja leiklistarkunnáttu sína
- hvernig nýta megi grunnþætti verkefnastjórnunar í framleiðslu á listaverki
- sjálfum sér í sjálfstæðri listsköpun
- tengslum sviðslista við samfélagið

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna að eigin listsköpun
- setja upp sjálfstætt sviðslistaverk

25.01 2021



- nota tæki og tól verkefnastjórnunar í framkvæmd
- starfa sjálfstætt í hóp að framkvæmd og uppsetningu á sviðslistaverki
- taka ábyrgð á verkefni ásamt öðrum hópmeðlimum
- tjá sig uppbyggilega um framkvæmd og skipulag verkefnis
- tjá sig uppbyggilega í ræðu og riti um listsköpun annarra
- miðla færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu á uppbyggilegan og skipulagðan hátt
- búa til fréttatilkynningar og auglýsa leiklistarviðburði

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka virkan þátt í samstarfi við aðra listamenn í listsköpun
- geta samhæft tækni, tjáningu og sköpun í lifandi listflutningi
- setja sér markmið, gert verkáætlanir og fylgt þeim jafnt sem einstaklingur og innan hóps
- leiða og taka þátt í hugmyndavinnu, sköpun og framkvæmd á sviðslistaverki
- gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum í listsköpunarferli
- vinna sjálfstætt
- treysta á eigið listrænt innsæi í listsköpun
- skrifa kynningartexta um sviðslistaverkefni sitt til kynningar í fjölmiðlum
- skipuleggja auglýsingar á lokaverkefni í hóp og framkvæma auglýsingaáætlun í tengslum við lokasýninguna.

Kennslugögn: Glósur kennara og úthendur

| Vika | Yfirferð | Próf /Verkefni | |
|-------------------|---|----------------|--------------------------------|
| 01. 24.-26. feb. | Kynning á námskeiði | | |
| 02. 1.-5. mars | Verkefni áveðin, hópaskipting, sýningardagur, verkefnastjórnun. | | |
| 03. 08-12. mars | Ýmis verkefni í verkefnastjórnun | | Úrsagnareindagi 9. mars. |
| 04. 15.-19 mars | Sjálfstæð vinna | | Námsmatsdagur 19. mars |
| 05. 22.-26. mars | Stöðumat – sjálfstæð vinna | | Miðannarmat |
| 29. mars-6. apríl | Stöðumat – sjálfstæð vinna | | Páskafrí |
| 06. 07.-09. apríl | | | Miðannarmat |
| 07. 12.-16. apríl | Stöðumat – sjálfstæð vinna | | |
| 08. 19.-23. apríl | Stöðumat – sjálfstæð vinna | | Sumardagurinn fyrsti 22. apríl |
| 09. 26.-30. apríl | Stöðumat – sjálfstæð vinna | | |



| | | | |
|-----------------|---------------------------|--|----------------------------|
| 10. 03-07. maí | Sjálfstæð vinna - rennsli | | |
| 11. 10.-14. maí | Sýningarvika | | Uppstigningardagur 13. maí |
| 12. 17.-18. maí | Tiltekt, endurmat. | | |

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrpróf 21. maí.

Námsmat:

Hver nemandi heldur vinnubók utan um eigin vinnu í áfanganum. Þar getur nemandi fylgst með eigin ferðalagi, þroska og hugmyndavinnu í ferlinu. Nokkur lítil verkefni í verkefnastjórnun. Hver hópur skilar greinargerð með lokaverkefni þar sem allar listrænar ákvarðanir eru rökstuddar.

Lokaverkefnið sjálft er metið út frá þeim forsendum sem nemendur sjálfir hafa gefið sér í upphafi annar.

35% - Skýrslur og verkefni sem skilað er vikulega fyrstu vikur áfangans

10% - Jafningjamat

20% - Post mortem skýrsla: endurmatsskýrsla sem unnin er af hópnum þar sem verkefnið og ferlið í heild er greint og lærdómur dreginn af. Hér eru allar listrænar ákvarðanir rökstuddar. Nánar skýrt síðar.

15% - Umsögn frá kennara

10% - Umsögn frá utanaðkomandi kennara

10% - Greinargerð/sjálfsmat. Einstaklingsverkefni.

ATH: Post mortem skýrsla (20%) og greinargerð (10%) jafngilda saman lokaprófi. Nemendur þurfa að ná 4,5 í hvoru verkefni til að standast áfangann. Ef öðru eða báðum verkefnum er ekki skilað jafngildir það því að mæta ekki lokapróf.